

Nd.

820. Breytingartillögur

íð frv. til laga um dýrtíðarskatt af tekjum (þgskj. 669).

Frá minni hluta nefndarinnar.

1. Fyrirsögnin skal vera: Frumvarp til laga um misærisskatt af tekjum.
2. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Hver sá maður, sem hefir meiri hreinar tekjur en 2500 kr., skal gjalda misærisskatt af þeim tekjum, sem hann hefir fram yfir þá upphæð.
3. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
Skattskyldir menn eftir 1. gr. þessara laga skulu gjalda sem hjer segir:

Af fyrstu 500 kr. fram yfir 2500 kr.	2 ⁰ / ₁₀₀ .
Af næstu 1000 kr. þar fyrir ofan	3 ⁰ / ₁₀₀ .
Af næstu 1000 kr. þar fyrir ofan	3 ¹ / ₂ ⁰ / ₁₀₀ .
Af næstu 1000 kr. þar fyrir ofan	4 ⁰ / ₁₀₀ .

Síðan skal hundraðsgjaldið vaxa um $\frac{1}{2}$ við hver þúsundskifti þar til það nær 10⁰/₁₀₀. Eftir það vex það um 2⁰/₁₀₀₀ uns það nær 15⁰/₁₀₀, en þá um 1⁰/₁₀₀₀ þar til það er orðið 20⁰/₁₀₀.

4. Eftir 3. gr. komi þessar nýjar greinar:

4. gr.

Stjórnarráðið skipar skattnefnd í hverri sýslu og í hverju fógetadæmi og yfirskattnefnd fyrir allt landið. Skal hún hafa aðsetur í Reykjavík. Það skiftir verkum milli nefndarmanna í öllum þessum nefndum. Enginn getur skorast undan því, að vera skipaður í skattnefnd eða yfirskattnefnd. Nefndir þessar vinna launalaust og skulu vinna eið að starfi sínu.

5. gr.

Sveitarstjórnnum, bæjarstjórnnum, hreppstjórnnum og sýslumönnum og bæjarfógetum er skylt að láta skattnefndum í tje alla fræðslu um hag manna, sem þeim er máttugt að veita. Skal það talin embættis-afglöpun, ef þessi völd tregðast við, og varða auk þess sektum frá 200—2000 kr.

6. gr.

Stjórnarráðið lætur skattnefndum í tje fyrirsögn um, hversu telja skal mönnum tekjur til þessa skatts, en þær birta þá fyrirsögn fyrir almenningi, hver í sínu umdæmi, og krefjast þess, að menn segi til sjálfir um tekjur sínar eftir þessari fyrirsögn og leggi við drengskap sinn, eða fjárhaldsmenn og meðráðamenn ófullveðja manna.

7. gr.

Nú vanrækir maður að segja til um tekjur sínar, og skal þá skattnefnd setja honum skatt, en kæra frá hans hendi er ónýtt, nema hann sanni að gild forföll hafi valdið því, að hann sagði eigi til.

8. gr.

Telji maður tekjur sínar viss vitandi rangt, þá skal hann gjalda skattinn sjöfaldan, nema hann vilji heldur láta málið koma fyrir dómstólanna. Fara skal með slík mál sem sakamál, og skal refsað fyrir sem skjalfals, ef sannast sviksamlegt framtal.

9. gr.

Skylt er bönkum og öðrum stofnunum til fjárgeymslu að segja skattnefndum til um eign manna í bankanum eða stofnuninni og tekjur þeirra af peningum og verðbrjefum.

10. gr.

Á skattnefndum hvílir rík þagnarskylda, en sje af brugðið, skal það bæta 1000—5000 krónum.

11. gr.

Vinni skattnefndir verk sitt seinlega, má knýja þær til framkvæmda með dagsektum, sem stjórnarráðið ákveður.

12. gr.

Skattur þessi skal krafinn í fyrsta sinn 1. nóv. þetta ár af tekjum þeim, er menn höfðu frá 1. jan. 1915 til 30. júní sama ár, en næsta sinn 1. febr. 1916 af tekjum manna frá 1. júlí til 31. des. 1915, en í síðasta sinn 1. júlí 1916 af tekjum manna frá 1. jan. 1916 til þess tíma.

13. gr.

Fje þessu má verja til þess að jafna misæri það í verzlun, sem leiðir af heimsstyrjöldinni. Verði afgangur, skal hann renna í landhelgissjóð.

14. gr.

Sá miserisskattur, skal falla niður, sem eigi er fallinn í gjalddaga, þá er misærinu ljettir af.

5. Við 4. gr.: Greinin verði 15. gr.